

Er Degli

Pseudotsuga menziesii framtíðartrjátegund í íslenskri skógrækt?

Vangaveltur skógfræðings
á fagráðstefnu skógræktar 2022



Örlítið um tegundina degli *Pseudotsuga menziesii*

- Uppruni á vesturströnd Norður-Ameríku
- Tvö afbrigði stranddegli (*Pseudotsuga menziesii* var. *menziesii*) og fjalladegli (*Pseudotsuga menziesii* var. *glauca*)
- Önnur stærsta trjátegund í heimi, getur vaxið yfir 100 metra hæð
- Verðmætur viður, var t.d. notað við skipasmíði
- Vex við hærri sumarhita og lengri sumur en eru hér.



Örlítið um tegundina degli

Pseudotsuga menziesii

- Þallarætt; er náskylt lerki
- Mikill vaxtarhraði við góðar aðstæður, hefur náð 20 m hæð hér.
- Virðist þurfa skjól í æsku hérlendis
- Fallegt tré með verðmætum við.
- Erfitt í nafngiftum. Hefur verið kallað douglasgreni, döglingsviður en heitið degli er nú notað.
- Á ensku heitir tegundin Douglas fir og viðurinn hefur verið kallaður Oregon pine sumir segja organ pine.

Reynsla mín af tegundinni

- Hef fylgst með tegundinni í Stálpastaðaskógi og Háfellsreitnum frá 2005.
- Ég lét planta degli í stormskemmdan rauðgrenireit haustið 2016
- Útkoman úr þeirri gróðursetningu er kveikjan að þessum fyrirlestri.



Reynsla af gróðursetningu deglis í stormskemmdan rauðgrenireit

- Haustið 2016 var plantað 1.880 plöntum af degli af kvæminu Hinz
- Lítil afföll
- Lítið um margstofna tré
- Góð þrif í plöntunum
- Góður vöxtur, hæstu trén komin í 130 sm haustið 2021
- Ársvöxtur 2021 mjög góður
- Plöntur sem eru í meiri skugga vaxa hægar; þarf því gott aðgengi að ljósi



2016



2018

2018



2021



Deglið búið að sanna tilverurétt sinn

- Haustið 2021 rákumst við Jón Auðunn, skógarvörður á Vesturlandi, á sjálfsáðar plöntur af degli í skóginum á Stálpastöðum. Móðurplantan er degli gróðursett 1969.
- Það sýnir að deglið er komið til að vera.



Möguleikar á notkun deglis

- Nokkuð er um reiti sem hafa misfarist af ýmsum aðstæðum
- Það mætti hugsa sér að grisja þessa reiti hressilega og planta degli eða öðrum tegundum í staðinn.
- Ekki ráðlegt að nota deglið í fyrstu gróðursetningu
- Með því að endurplanta með degli í lélega reiti má margfalda verðmæti skógarins.

Er degli framtíðartré?

- Stutta svarið er **já**
- Við bíðum eftir niðurstöðum úr kvæmatilrauninni.
- Þurfum að kanna hvernig deglið bregst við í mismunandi skógi (mismunandi tegundum) og mismundi þéttleika á skermi
- Þessi gróðursetning og sjálfsáning á Stálpastöðum gefur góðar vísbendingar um að deglið sé framtíðartegund fyrir íslenska skógrækt.
- Með hnattrænni hlýnun aukast möguleikar og þörf á að nýta tegundir sem þurfa lengra sumar og meiri hita



skógræktin



Mars 2022

Takk fyrir
Einhverjar spurningar?